

Viðhorf ungmenna á Austurlandi

Valdimar Briem, dr. phil.

ReykjavíkAkademíunni, Hringbraut 169, Reykjavík (vbriem@akademia.is)

Inngangur

Á síðustu áratugum hafa töluverðar breytingar orðið á íslenskum efnahag og ímynd fólks af tilveru sinni í landinu. Í mörgum dreifbýlissamfélögum hefur atvinna í hefðbundnum greinum lagst af, fólk flust burt og íbúafjöldi minnkað. Meðalaldur íbúanna hefur hækkað, því oft er það ungt fólk, sem fer burt í leit að betra viðurværi. Hinsvegar er það mjög mikilvægt fyrir tilvist þessara samfélaga að missa ekki ungmennin burt.


Á Austurlandi búa nú minna en 4% allra Íslendinga, og er hlutfall ungmenna þar af um 8%, sem er svipað og annarsstaðar á landinu. Aðalatvinnugreinar, að fráskildum þjónustugreinum, eru ennþá fiskveiðar- og iðnaður og landbúnaður, en á síðasta áratug hafa stóriðja (Alcoa á Reyðarfirði) og ferðaiðnaður haldið þar innreið sína. Í kjölfar þessarar þróunar og hinnar mikla efnahagsþenslu og eftirfarandi kreppu, hafa töluverðar breytingar í fólksfjölda og -samsetningu svæðisins átt sér stað, en ekki er ljóst hversu stór hluti aðkomufólks hefur í lengst og hversu stór hluti innfæddra hefur flust af svæðinu. Áhrifin á ungmenni búsett á svæðinu eru heldur ekki augljós.

Niðurstöður fyrri rannsókna gefa til kynna, að hagir, líðan og framtíðarsýn ungmenna ákvarðist m.a. af breytingum af þessu tæi, auk ýmissa einstaklingsbundinna eiginleika og þátta í hlutrænu og félagslegu umhverfi þeirra. Í hérlandum rannsóknum hefur athyglin einkum beinst að áhugamálum, tómstundum, fjölskyldu, áhættuhegðun og vellíðan ungmenna, almennt og í skóla. Allir þessir þættir gegna hlutverki í að móta skoðanir, lífssýn og viðhorf ungmennanna.

Í fyrri könnunum hafa íslensk ungmenni látið í ljós töluverða ást til heimahaga sinna, meir í dreifbýli en í þéttbýli, og mest á Austurlandi, en sú tilfinning hefur svalnað nokkuð á síðustu árum. Þannig ræður efnahagsleg afkoma oft miklu um hvar ungmennin vilja búsetja sig. Hinsvegar eru þau ekki síður ánægð með líf sitt og tilveru nú en fyrir kreppu, en lífsánægja ungmennanna minnkar þó yfirleitt á efri unglingsárunum. Það hefur einnig sýnt sig, að bæði líðan og menntunaráform ungmenna eru tengd kyni þeirra og fjölskylduháttum.

Aðalviðfangsefni núverandi rannsóknar er líðan og framtíðarsýn ungmenna á Austurlandi. Skoðanir ungmenna mótask af hugrænum eiginleikum þeirra, einkum sjálfsímynd, líðan og löngunum. Hugrænir eiginleikar byggjast hins vegar á grunni félagslegra og líffræðilegara þátta, og eru þá áhrif kyns ungmennanna einkar mikilvæg. Hugrænir eiginleikar eru einnig bundnir stað og stund, og aðstæður hvers einstaklings til lengri eða skemmri tíma hafa áhrif á þessa eiginleika. „Líðan“ er margrætt hugtak, hér metin sem „samkennd“ og skilgreind sem jákvæð afstaða til sjálfs sín og tilfinningin að tilheyra og vera virkur hluti af félagslegu umhverfi sínu (e. Sense of Coherence). Framtíðarsýn ákvarðast hér af áformum og skoðunum ungmennanna á hlutlægu umhverfi sínu, afstöðu til félagslegra þátta, þ.á.m. fjölskyldu, og félagslegri stöðu, og afstöðu til atvinnu og menntunar. Skoðanir ungmennanna á öllum þessum atriðum koma fram í staðhæfingum þeirra, og í þeim eru síðan greind viðhorf ungmennanna. Sjá mynd 1.

Almennt er þess getið til, að líðan og framtíðarsýn ungmenna á Austurlandi séu tengdar (i) félagslegri og efnahagslegri þróun á svæðinu á undanförunum árum og (ii) einstaklingsbundnum eiginleikum, einkum kyni, fjölskylduháttum og ættartengslum á svæðinu; og að (iii) val ungmennanna á menntun, ævistarfi og búsetu sé tengt líðan þeirra, aðlögun og framtíðarsýn.



Mynd 1. Líkan, sem lýsir framþróun viðhorfa ungmenna, m.a. líðanar þeirra og framtíðarsýnar. Viðhorfin skapast út frá skoðunum, sem eiga rætur sínar í hugrænum eiginleikum, sem byggjast á grunni hutlægs og félagslegs umhverfis, fjölskyldu og einstaklingsbundinna þátta.

Aðferð

Þátttakendur voru 144 nemendur, 16-22 ára, við Menntaskólann á Egilsstöðum (ME) á vorönn 2010. Ungmenninn í öllum árgöngum ME svöruðu spurningum um hagi sína, líðan og ýmislegt tengt búsetuskilyrðum á svæðinu. Níu bakgrunnsbreytur teknar fram og innbyrðis sambönd þeirra greind, og þær svo notaðar sem óháðar breytur í dreifigreiningum á skoðunum og viðhorfum.

Fyrsta, annars og þriðja stigs þáttagreiningar voru notaðar til þess að greina skoðanir og viðhorf ungmennanna. Skoðanir voru greindar í þrem málaflokkum, Áhugamál: 8 þættir, Framtíðarsýn: 4 þættir, og Samkennd: 5 þættir. Viðhorf ungmennanna voru síðan greind út frá þessum 17 þáttum / atriðum (skoðunum), og komu þá fram 8 yfirþættir (viðhorf), sbr. töflu 1.

Niðurstöður

Tveir hópar ungmenna greindust m.t.t. lengdar búsetu á svæðinu, „nýflutt“ (< 10 ár) og „rótgróin“ (> 10 ár). Nýflutt ungmenni áttu yfirleitt lítil ættartengsl, en rótgróin ungmenni mikil ættartengsl. Mörg nýflutt ungmenni bjuggu með einstæðu foreldri, eða öðru foreldrinu og fósturforeldri, en flest rótgróinna bjuggu í kjarnafjölskyldu með báðum foreldrum.

Almennt töldu ungmenninn líðan sína góða, en líðan pílta var oft betri en stúlkna. Líðan var m.a. tengd fjölskylduháttum og félagslegum tengslum, og svo virðist sem stúlkur eigi almennt erfiðar uppráttar þegar út af ber.

Framtíðarsýn ungmennanna snýst í fyrsta lagi um áætlanir um að búa á Austurlandi í framtíðinni og ánægju með búsetu þar. Áformin mótast einnig af öðrum þáttum: Því lengri búseta og meiri ættartengsl, því meiri vilji til að búa áfram á svæðinu; því styttri búseta og minni ættartengsl, því verri líðan og ákveðnari vilji til að flytja á brott.

Tafla 1: Átta viðhorf (yfirþættir). Ef vægi skoðana (innifalinnna þátta) er neikvætt, er „lítið“ sett fyrir framan nafnið. (Sjá útskýringar í töflu 3 í Valdimar Briem og Tinna Halldórsdóttir, 2011).

Viðhorf	Skoðanir
Líðan	Vellíðan, Lífsgleði, Bjartsýni, Æðruleysi, Traust
Framtíðarsýn	Ánægja hér, Átthagaást, Búseta hér, lítið Æðruleysi
Frelsiskennd	Frelsi, lítið Aðhald
Háskólanám	Námsgleði, Háskóli almennt
Námshvörf	Nám hér, Háskóli hér
Raunsæi	lítil Lífsgleði, Jafnaðargeð
Gætni	Gætni
Öryggiskennd	Öryggi hér

Piltum leið almennt betur en stúlkum, og þeir voru einnig ánægðari en með stöðu sína og möguleika í hinu staðbundna samfélagi, og fremur reiðubúnir til að vera þar til frambúðar. Viðhorfin voru þó bæði einstaklingsbundin og tengd aldursháðum breytingum í lífi ungmennanna. Yfirleitt höfðu rótgróin ungmennti, sem einnig áttu mikil ættartengsl og bjuggu í kjarnafjölskyldu með báðum foreldrum, svipuð viðhorf, s.s. tryggð við svæðið og bjartsýni um áframhaldandi búsetu, óháð námsáætlunum. Hin nýfluttu, sem oft bjuggu við erfiðari fjölskylduhætti en þau rótgrónu, voru skiptari í skoðunum, sum örugg og vongóð um framtíðina, en önnur, einkum stúlkur, svartsýnni og tilbúin til að flytja af svæðinu.

Ungmennti með lítil ættartengsl og ótrausta fjölskylduhætti höfðu meiri tilhneigingu til áhættuhegðunar (einkum stúlkur). Piltar bjuggu almennt yfir meira sjálfsöryggi og fyrirsjón, og voru tengdari átthögunum og raunsærri í afstöðu sinni til búsetu á svæðinu.

Framtíðarsýn ungmennanna tengist oft námsáformum þeirra. Greina mátti tvo aðalþætti, (i) sterk áform um nám á háskólastigi og ánægju með skólagöngu (fremur stúlkur), (ii) óljós áform um framhaldsnám á svæðinu, þrátt fyrir að litlir raunhæfir möguleikar á slíku séu fyrir hendi (hér fyrirfinnast fremur piltar með mikil ættar- og félagatengsl, sem stefna á áframhaldandi búsetu á svæðinu).

Með auknum aldri mátti í svörum ungmennanna auk þess greina aukið sjálfstæði og öryggi í sjálfum sér og tilverunni.

Ályktanir

Ofan greindar niðurstöður benda til áhugaverðra sambanda milli aðstæðna ungmenna, einkum í fjölskyldu og félagahópi, líðan þeirra og mótun viðhorfa til framtíðar. Líðan og framtíðarsýn eru

lykilþættir og mynda sambönd við aðra þætti, sem oft má túlka út frá þeim. Bakgrunnspættirnir, kyn, fjölskylduhættir, ættartengsl og lengd búsetu eru hinsvegar grunnur líðanar og framtíðarsýnar. Menntunaráform og skólaganga ungmennanna ákvarðaðist af fjölskylduhögum, auk líðanar og fjölskylduhaga.

Fullyrða má, að einhverjar mikilvægustu ákvarðanir ungmenna á þessum aldri varði nám og starfsval. Þær ákvarðanir setja auk þess búsetu ungmennanna ýmis mörk. Þá verða þau t.d. að ákveða hvort og hvað lengi þau eigi að vera að heiman til að undirbúa líf sitt til framtíðar. Sumir vilja alls ekki fara á brott, aðrir vilja fara tímabundið, og enn aðrir eru tilbúnir að flytja alfarið.

Frelsi öðlast ungmenntin í fyrsta skipti þegar þau nálgast fullorðinsaldur og flytja að heiman. Þessu fylgir sjálfræði og ábyrgð, sem verður að axla. Til þess að ná settu markmiði þarf þroska og raunsæi, sem felur í sér sátt við aðstæður, og þá innsýn, að æskilegur árangur er oft torsóttur og getur krafist langrar biðar.

Ungmenntin verða að sýna gætni í umgengni sinni við freistni og áhættu, sem verður á vegi þeirra, en til þess þarf fastan ásetning og traustan stuðning frá vandamönnum. Traustar heimilisaðstæður og fjölskylduhættir veita ungmennunum öryggi í sjálfum sér og í fjölskyldu sinni, en þess verða þau að njóta til að geta náð markmiðum sínum í lífinu á farsælan hátt.

Enda þótt þessar niðurstöður gefi okkur ekki nægilegar upplýsingar til að geta greint áhrif einstakra atburða síðustu ára á viðhorf ungmennanna, kemur margt athyglisvert fram í þeim. Viðhorfin, sem birtast í þessum niðurstöðum, spegla, eins og sýnt hefur verið, líðan ungmennanna og framtíðarsýn. Þegar viðhorfin eru sett í samhengi kyns, aldurs og félagslegslegra þátta, s.s. búsetu, ættartengsla, menntunar og atvinnu foreldra, kemur auk þess fram ýmis marktækur munur á ungmennum og hópum. Þá má t.d. greina, hvaða ungmenni eru á réttri leið í lífinu, og hvaða ungmenni eru á rangri leið, og í samræmi við þetta er hægt að ákvarða hvaða stuðning þau þurfa til að ná sem bestum árangri. Nákvæmari rannsókn á áhrifum þessara atriða mun án efa gefa okkur vísbendingar um, hvernig skapa megi raunhæfan grundvöll fyrir ákjósanlegri samfélagsþróun á Austurlandi, m.a. hvað varðar staðbundna fræðslu og atvinnutækifæri. Sama gildir eflaust um ungmenni í öðrum landshlutum.

Heimildir

Valdimar Briem (2011). *Byggðapróun á Austurlandi*. Erindi, haldið í ReykjavíkurAkademíunni, 9. nóvember 2011.

Valdimar Briem (2012). Líðan og framtíðarsýn ungmenna á Austurlandi á tímum nýsköpunar og umbyltinga. *Múlaping*, 36, 82-98 (í prentun).

Valdimar Briem og Tinna Halldórsdóttir (2011): Líðan og framtíðarsýn ungmenna á Austurlandi. *Íslenska þjóðfélagið*, 2, 5-26.

Nánari útfærslu og tilvitnanir má finna í fyrri greinum og fyrirlestrum höfundar (sjá Heimildir, hér að ofan, og heimasíðu höfundar).